leikhúsinu og ég held að það hafi verið innstilling mömmu, framkoma hennar og reisn, sem vakti áhuga minn á leiklist.

Ég vandist því líka frá blautu barnsbeini, að hlusta á mömmu fara með ljóð, og ennþá finnst mér mamma einn besti ljóðaflytjandi, sem ég hef hlustað á. Þetta hefur líka komið sér vel, ekki síst núna í því verki, sem við erum að flytja, en þar er allur texti í bundnu máli."

Skúli starir fram fyrir sig, þegar hann talar. Það er satt, sem systir hans segir, hann er íhugull ungur maður.

„Ég tók eftir því áður en ég fór í leiklistarnámið, að stundum var eins og ég hoppaði út úr sjálfum mér og horfði á, þegar ég var til dæmis að rífast við aðra manneskju.

Ég ákvað að reyna við inntökuprófið og ég hef ekki séð eftir því. Ég held að þetta hafi verið góður skóli."

— Þú ætlar að gera listina að ævistarfi?

„Já, ég vil starfa við leikhús fremur en nokkuð annað, en það er erfitt að framfleyta sér af þessu starfi. Þó maður sé fastráðinn við leikhús eru launin svo lág, að ekki er hægt að lifa af þeim."

— Þú hefur leikið ólík hlutverk í skólaleikritunum ykkar. Í leikritinu „Hvenær kemurðu aftur, rauðhærði riddari?" leikur þú hálfgert gauð, það er mann, sem lætur niðurlægja sig og tekur aldrei á móti. En í Tartuffe ferðu hins vegar með hlutverk útsmogins hræsnara, sem reynir að nýta hlutina sér í hag. Leitar þú að eðlisþáttum persónanna í sjálfum þér eða býrð þá til?

„Í persónusköpun sníður maður ekki hlutverkin utan um sig heldur sækir efniviðinn í sjálfan sig — hið innra. Segja má að maður reyni að þroska ákveðna eðlisþætti en aðrir rýrni á meðan."

— Finnst þér hlutverkið ná yfirtökunum, þannig að það verði raunverulegra en veruleikinn sjálfur?

„Ég hef ekki mikla reynslu ennþá, en hingað til hefur mér þótt erfitt að losna við hlutverk. En ég hef líka getað nýtt mér eiginleika persónanna í veruleikanum.

Það gerðist um daginn, að ég var að labba ofan í bæ að næturlagi, það var eftir útskriftina. Þá mætti ég tveim strákum, sem höfðu verið að brjótast inn. Þeir ætluðu að ráðast á mig. En þá beitti ég aðferðum Tartuffes og áður en þeir vissu af voru þeir farnir að slást en ég gekk burtu!"

— Finnst þér þú þurfa að beita þig hörðu þegar þú ert að vinna hlutverk eða kemur þetta allt leikandi létt?

„Ef þetta kæmi syngjandi út væri ekki um neitt lífsspursmál að ræða lengur."

Þarft þú að vera í lífsháska til að ná fram því besta í sjálfum þér?

„Já, sú þörf er sterk. Það þýðir þó ekki að leikið sé með einhverju offorsi. Það verður að tempra tilfinningarnar til að finna jafnvægi. Líkt og í málaralist þá er ekki hægt að nota alla málninguna í einu, úr því verður óskapnaður."

— Skúli, finnst þér þú skilja það sem Nína er að gera?

„Já, að svo miklu leyti sem þarf að skilja það til hlítar. Mér finnst ekki þurfa að útskýra allt, það verður að vera einhver leyndardómur eftir."

— En hvernig er það í leiklistinni, þarfnast hún útskýringa?

„Þar er allt samantvinnaðra, söguþráður, persónur og tilfinningar," segir Skúli.

„Ég hef ég séð mjög áhrifamikla leiksýningu, þar sem voru engar persónur, enginn söguþráður. Þetta var samt æðisleg sýning, þar sem maður sveiflaðist frá hlátri til gráts," segir Nína.

„Í myndlistinni er til nokkuð, sem heitir gjörningur, hann byggir ekki á ósvipuðu," bætir hún við.

— Þið eigið kannski eftir að vinna saman?

„Það getur vel verið."


Viðtal: Hildur Einarsdóttir



*1. Af ótal kostum þessarar frönsku lúxuskerru er fjölskyldufaðirinn hrifnastur af frábærum **aksturseiginleikum** BX-ins.*



*2. Hagsýn húsmóðirin er í sjöunda himni yfir því að öll **þægindin** skuli ekki kosta meiri fjárútlát.*



*3. Pjakkurinn las í blaði að **meðalaldur** Citroën í Svíþjóð er **13 og hálft ár.** Hann ætlar að segja öllum vinum sínum frá því.*



*4. Systir hans er ánægð með allt **rýmið** og mjög montin af öllum öryggisbeltunum.*



*5. Amma hefur ýmsu góðu kynnst um dagana, en í þægilegri bílsætum hefur hún aldrei setið og **vökvafjöðrunin** er í hennar huga ekkert ómerkari uppfinning en rafmagnið.*

IL N'Y A PAS QUE CES CINQ RAISONS QUI FONT DE LA CITROËN BX UNE DES MEILLEURES VOITURES FAMILIALES DISPONIBLES ICI*



*ÞAÐ ERU FLEIRI ÁSTÆÐUR EN ÞESSAR FIMM SEM GERA CITROËN BX AÐ EINUM BESTA FJÖLSKYLDUBÍLNUM SEM HÉR FÆST.

470.000,-Kr

*kostar **Citroën BX 14 E** (sbr. mynd) og er það auðvitað veigamesta ástæðan. Citroën **BX Leader** er enn ódýrari; aðeins 443.000,– kr. **BX 16 TRS kostar** kr. 568.000,– og glæsivagninn **BX 16 RS Break** (station) kostar nú aðeins 615.000,– krónur.*
*Ekki síðri ástæða er **greiðslukjörin;** allt niður í 30% út og afgangurinn á allt að tveimur árum.*
***Innifalið** í þessu verði er ryðvörn, skráning, skattur, stútfullur bensíntankur og hlífðarpanna undir vél.*

*Einnig má nefna **framhjóladrifið,** en Citroën hefur verið framhjóladrifinn lengst allra bíla – eða síðan 1934, og **hæðarstillinguna** sem skipar Citroën í sérflokk við akstur í snjó og ófærð. BX-inn er líka alhaf í sömu hæð frá jörðu, óháð hleðslu.*

***Falleg innrétting** og listræn hönnun á öllum hlutum vega líka þungt þegar Citroën er borinn saman við aðra bíla.*
Líttu inn í Lágmúlanum eða sláðu á þráðinn. Sölumenn okkar vilja segja þér margt fleira um þessa frábæru bíla.

Globus HF LÁGMÚLA 5 SÍMI 681555

GOTT FÓLK / SÍA

CITROËN